

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarráð Garðabæjar í umboði bæjarstjórnar hefur samþykkt eftirfarandi tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Garðabæ. Deiliskipulagsbreytingarnar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á deiliskipulagi við Furulund 9.*

Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður vegna umsóknar um viðbyggingu við núverandi hús.

*Breyting á deiliskipulagi við Víðilund 15.*

Í breytingunni felst að byggingarreitur er skilgreindur vegna umsóknar um viðbyggingu við núverandi hús.

*Breyting á deiliskipulagi við Markarflöt 19.*

Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður vegna umsóknar um viðbyggingu við núverandi hús.

*Breyting á deiliskipulagi við Bæjargil 52-60.*

Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður vegna umsóknar um að byggja anddyri. Auk þess er gert ráð fyrir að séreignarhlutar einstakra aðila innan lóðar verði stækkaðir til suðurs með kvóð um aðgengi innan lóðarinnar.

Ofangreindar skipulagsbreytingar og skipulag öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 18. júlí 2003,*

**Guðjón E. Friðriksson** bæjarritari.